

5. júní 2020

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík

**Umsögn Félags starfsmanna Alþingis (FSA) um tillögu til þingsályktunar um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað (334. mál á 150. löggjafarþingi).**

FSA fagnar því að leitað verði leiða til að gera Alþingi að fjölskylduvænni vinnustað. FSA veur þó athygli á að í þingsályktunartillögunni er aðeins fjallað um þingmenn en ekki starfsfólks Alþingis. Þannig er í tillögunni gert ráð fyrir að starfshópur um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað, sem m.a. skuli endurskoða þingsköp Alþingis, verði eingöngu skipaður þingmönnum.

Mikilvægt er að hafa í huga að Alþingi er vinnustaður bæði þingmanna og starfsmanna. Starfsmenn Alþingis eru um 150 talsins, sem gerir Alþingi að rúmlega 200 manna vinnustað þegar þingmenn og starfsmenn eru taldir saman. Það liggur því í augum uppi að þegar skipa á starfshóp um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað er æskilegt að starfsfólk þingsins eigi aðkomu að slíkri vinnu. Óhætt er að fullyrða að þar myndi sú reynsla og þekking sem starfsfólk Alþingis býr yfir nýtast vel.

Í greinargerð þingsályktunarinnar er markmiðið með endurskoðun þingskapalaga skýrt frekar. Þar kemur fram að þingsköpin „skapa ramma um starfsumhverfi þingmanna“ og að „nauðsynlegt sé að leggja til breytingar á lögum um þingsköp Alþingis svo þingmennskan megi vera á færi allra, óháð kyni, búsetu og fjölskylduaðstæðum“.

Þau sjónarmið sem fram koma eiga einnig við um starfsfólk þingsins. Þannig skapa þingsköpin ramma utan um starfsumhverfi starfsmanna Alþingis, rétt eins og þingmanna. Þá eiga rökin um að nauðsynlegt sé að breytingar verði gerðar á þingsköpum svo þingmennskan megi vera á færi allra ekki síður við um starfsfólk Alþingis.

Vinnustaðurinn Alþingi er um margt óvenjulegur. Vinnutími stórs hluta starfsfólks er oft ófyrirsjáanlegur og álag verulegt og langvarandi. Því getur reynst starfsfólki, ekki síður en þingmönnum, erfitt að samræma vinnu og einkalíf. Á sama tíma er nauðsynlegt að tryggja sem best að Alþingi sé samkeppnishæfur og eftirsóknarverður vinnustaður og að til starfa á Alþingi veljist hæft starfsfólk sem haldist í starfi.

Í ljósi þessa leggur FSA til að viðeigandi breytingar verði gerðar á þingsályktunartillögunni áður en til afgreiðslu hennar frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd kemur.

Fyrir hönd Félags starfsmanna Alþingis,

Díana Rós A. Rivera  
formaður

